

Frjálsi
lífeyrissjóðurinn



Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	9
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	11
Efnahagsreikningur.....	12
Yfirlit um sjóðstreymi.....	13
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu.....	14
Skýringar.....	15
Deildaskipt yfirlit.....	41
Kennitölur.....	44
Sundurliðanir á verðbréfum.....	50
Óendurskoðuð yfirlit:	
Ófjárhagslegar upplýsingar.....	55
Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins 2020 (útdráttur).....	57
Stjórnarháttayfirlýsing.....	59

Skýrsla stjórnar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild. Sjóðurinn hentar þeim sem geta valið um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skylduðgjöld sín og öllum þeim sem vilja greiða viðbótariðgjöld í sjóðinn. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2008 boðist að velja á milli fjögurra fjárfestingarleiða séreignardeildar sem eru með mismunandi fjárfestingarstefnu sem geta falið í sér mismunandi áhættu og ávöxtun.

Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2019 voru sjóðfélagar 60.075 og fjölgaði þeim um 1.446 á árinu en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 22.515 samanborið við 22.730 á fyrra ári. Hrein eign sjóðsins nam 284,5 milljörðum kr. og stækkaði sjóðurinn um 47,5 milljarða kr. eða 20,0%. Hrein eign fjárfestingarleiða í séreignadeild var 196,0 milljarðar kr. og hrein eign tryggingadeildar var 88,5 milljarðar kr. Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda námu 20,9 milljörðum kr. og jukust um 6,94% á milli ára og heildarlífeyrisgreiðslur námu tæpum 4,5 milljörðum kr. og hækkuðu um 13,8% á milli ára. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild Markaðsvirði	Trygginga- deild Bókfært virði
Nafnávöxtun	15,4%	10,4%	6,2%	16,7%	11,9%	11,7%
Meðaltal nafnávöxtunar sl. 5 ára	7,6%	7,4%	6,2%	8,7%	7,8%	6,9%
Meðaltal nafnávöxtunar sl. 10 ára.....	8,4%	7,7%	6,5%	9,4%	8,5%	7,6%
Raunávöxtun	12,4%	7,5%	3,4%	13,7%	9,0%	8,8%
Meðaltal raunávöxtunar sl. 5 ára.....	5,1%	4,9%	3,8%	6,2%	5,4%	4,5%
Meðaltal raunávöxtunar sl. 10 ára.....	5,4%	4,7%	3,6%	6,3%	5,4%	4,6%
Hrein eign í milljónum króna	140.942	19.227	35.014	773	93.385	88.519
Fjöldi sjóðfélaga/rétthafa	48.172	5.824	8.880	269		47.241
Fjöldi sem greiddi í sjóðinn á árinu	16.107	2.580	3.960	215		17.702
Meðalfj. sem greiddi í sjóðinn á árinu	12.946	2.161	3.482	164		15.105
Fjöldi lífeyrisþega	1.174	220	872	8		2.018

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Frjálsi Áhætta	Trygginga- deild
Markhópur	Yngri en 55 ára	Eldri en 55 ára	Lífeyris- þegar	Áhættu- sæknir	Allir
Fjárfestingarstefna 2019:					
Innlend skuldabréf	47%	75%	99%	37%	65%
Erlend skuldabréf	8%	5%	1%	8%	5%
Innlend hlutabréf	18%	8%	0%	19%	12%
Erlend hlutabréf	27%	12%	0%	36%	18%
	100%	100%	100%	100%	100%

Tilnefning til íslensku vefverðlaunanna

Frjálsi lífeyrissjóðurinn fékk tilnefningu til Íslensku vefverðlaunanna fyrir fyrirtækjavef ársins í flokknum lítil fyrirtæki. Árlega veita Samtök vefiðnaðarins (SVEF) verðlaun fyrir þá vefi og veflausnir sem þykja skara fram úr og það er afar ánægjulegt að nýr vefur Frjálsa lífeyrissjóðsins skuli vera meðal þeirra frábæru veflausna sem fengu tilnefningu.

Vefurinn er afrakstur samvinnu fjölmargra aðila þar sem leitast var við að koma til móts við notendur með því að einfalda vefinn og betrubæta aðgengi að efni. Við hönnun vefsins var leitað til m.a. sjóðfélaganna sjálfra og launagreiðenda þeirra til að fá mikilvægt innlegg notenda á hvernig nýr vefur sjóðsins skyldi vera.

Skýrsla stjórnar

Breyting á fyrirkomulagi framkvæmdastjórnar, innri endurskoðunar og ytri endurskoðunar

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins ákvað í samráði við rekstraraðila sjóðsins að breyta fyrirkomulagi framkvæmdastjórnar sjóðsins frá og með 1. apríl 2019. Stjórnin réð framkvæmdastjóra sem starfsmann sjóðsins en frá stofnun sjóðsins hafði framkvæmdastjórinn verið starfsmaður rekstraraðila sjóðsins. Ástæða þessara breytinga var m.a. að skerpa á sjálfstæði sjóðsins og framkvæmdastjóra gagnvart rekstraraðila og minnka orðsporsáhættu sem rekstrarfyrirkomulagið getur haft í för með sér. Samið var við Arnald Loftsson um að hann sinnti áfram starfi framkvæmdastjóra sjóðsins.

Samhliða breytingum á fyrirkomulagi framkvæmdastjórnar ákvað stjórnin að fela innri endurskoðun sjóðsins endurskoðunarfélagi en áður hafði hún verið í höndum innri endurskoðunar rekstraraðilans. Var samið við Deloitte ehf. um að sjá um innri endurskoðun sjóðsins.

Jafnframt skipti Frjálsi lífeyrissjóðurinn um ytri endurskoðanda á árinu. Fyrir ársfund sjóðsins lagði stjórnin til að KPMG yrði endurskoðandi sjóðsins og bærust engar aðrar tillögur. Félagið var því sjálfkjörið sem endurskoðandi sjóðsins og kom í stað Deloitte ehf. sem hafði verið endurskoðandi frá árinu 2003.

Breytingar á stjórnskipan

Á ársfundi árið 2018 voru samþykktar breytingar á samþykktum um stjórnskipan sjóðsins. Þær fólu í sér að í stað þess að fjórir af sjö stjórnarmönnum séu kosnir á ársfundum en þrír skipaðir af rekstraraðila sjóðsins þá eru allir stjórnarmenn kosnir af sjóðfélögum. Á ársfundi sjóðsins 2019 var kosið um fimm stjórnarsæti; þrjú sæti stjórnarmanna sem voru skipuð af rekstraraðila árið 2018 og tvö sæti stjórnarmanna sem voru kosin í stjórn sjóðsins til tveggja ára árið 2017. Frá og með ársfundi 2020 verður kosið um tvo stjórnarmenn til þriggja ára með þeirri undantekningu að þriðja hvert ár verður kosið um þrjú stjórnarmenn til þriggja ára. Markmiðið með breytingunum er að auka sjóðfélagalyðræði og minnka þá orðsporsáhættu sem skipun rekstraraðila í stjórn sjóðsins getur falið í sér.

Ávöxtun árið 2019

Það er ánægjulegt að greina frá því að á árinu 2019 skilaði fjárfestingarleiðin Frjálsi 1 sinni hæstu raunávöxtun frá árinu 2003, eða 12,4%. Það ár skilaði leiðin 16% raunávöxtun sem er sú hæsta í 41 árs sögu leiðarinnar. Frjálsi 1 er langstærsta og fjölmennasta leið Frjálsa lífeyrissjóðsins með eignir að fjárhæð um 140 milljarða í eigu tæplega 50 þúsund sjóðfélaga. Frjálsi áhætta, sem var stofnuð árið 2008, skilaði 13,7% raunávöxtun sem er næsthæsta ávöxtun frá stofnun leiðarinnar.

Árið 2019 var að flestu leyti hagfellt fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn. Nafnávöxtun fjárfestingarleiða sjóðsins var 6,2% til 16,7% á árinu sem samsvarar 3,4% til 13,7% raunávöxtun. Við samanburð á ávöxtun ber að hafa í huga að ólíkar fjárfestingastefnur gilda fyrir einstakar fjárfestingaleiðir.

Að baki er viðburðaríkt ár á fjármálamörkuðum en sá eignaflokkur sem hækkaði mest á árinu voru erlend hlutabréf. Þrátt fyrir tíðindi á alþjóðavettvangi á borð við viðskiptastríð Bandaríkjanna og Kína og útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu skilaði heimsvísitala hlutabréfa 25,2% hækkun mælt í Bandaríkjadal sem þýðir um 30,2% í íslenskum krónum vegna veikingar krónunnar.

Ávöxtun á innlendum skuldabréfamarkaði var mjög góð á árinu en helstu drifkraftar voru lækkandi raunvaxtastig og lækkun á verðbólguálagi sem leiddi til hækkunar á virði skuldabréfa. Ávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa var 5,3% til 23% og ávöxtun verðtryggðra 3,7% til 8,9%. Lengstu skuldabréfin gáfu bestu ávöxtunina og óverðtryggð skuldabréf gerðu almennt betur en verðtryggð vegna lækkunar á verðbólguálagi.

Viðsnúningur átti sér stað á innlendum hlutabréfamarkaði eftir erfitt árferði undanfarin misseri en Úrvalsvísitala hlutabréfa hækkaði um 31,4% á árinu. Hækkun vísitölunnar orsakast þó að miklu leyti af gengisþróun Marel sem vegur stóran hlut í vísitölunni.

Frjálsi Áhætta, sem er áhættumesta fjárfestingarleið sjóðsins skilaði 16,7% nafnávöxtun á árinu en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 8,7% á ársgrundvelli.

Frjálsi 1, sem er stærsta, elsta og fjölmennasta leið sjóðsins skilaði 15,4% nafnávöxtun en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 7,6% á ársgrundvelli.

Frjálsi 2 skilaði 10,4% nafnávöxtun en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 7,4% á ársgrundvelli.

Skýrsla stjórnar

Ávöxtun árið 2019, frh.

Frjálsi 3 skilaði 6,2% nafnávöxtun en fimm ára ávöxtun leiðarinnar er 6,2% á ársgrundvelli. Fjárfestingaleiðin samanstendur af skuldabréfum og innlánum.

Tryggingadeild sjóðsins skilaði 11,9% nafnávöxtun m.v. að skuldabréf sjóðsins séu gerð upp á markaðsvirði. Fimm ára nafnávöxtun er 7,8% á ársgrundvelli. Fjárfestingarstefna deildarinnar er frekar varfærin en skv. henni er markmið um eignasamsetningu í skuldabréfum 70% og hlutabréfum 30%.

Tryggingafræðileg staða

Í árslok voru eignir tryggingadeildar umfram áunnar skuldbindingar 7,1%, eignir umfram framtíðarskuldbindingar neikvæðar um 2,5% og eignir umfram heildarskuldbindingar 1,6% en hið síðastnefnda segir til um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Tryggingafræðilega staðan lækkaði um 0,5 prósentustig á milli ára en er innan hámarks vikmarka sem lög mæla fyrir um. Nýtt mat á lífslíkum sem tekur mið af reynslu árána 2014-2018 og aðrir þættir höfðu 1,7 prósentustig neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu en góð ávöxtun hafði jákvæð áhrif sem nemur 1,2 prósentustigum.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga lauk á árinu 2018 við gerð nýs reiknigrundvallar fyrir mat lífeyrisskuldbindinga. Athugun á reynslu sjóðanna var unnin í samvinnu við Landssamtök lífeyrissjóða og léðu allir íslenskir lífeyrissjóðir gögn til athugunarinnar. Lífslíkur voru þar í fyrsta sinn metnar eftir reynslu þeirra sem réttindi eiga í lífeyrissjóðum en í fyrri reiknigrundvöllum hafði verið miðað við lífslíkur allra Íslendinga. Annað nýmæli var að tekið var mið af því að lífslíkur öryrkja og annarra sjóðfélaga eru mismunandi og þá eru áhrif endurhæfingar sýnd í líkaninu með beinum hætti. Hið nýja líkan metur því skuldbindingar af meiri nákvæmni en eldri aðferðir. Um lífslíkur var miðað við reynslu árána 2010-2014 og um örorkulíkur við reynslu árána 2011-2016.

Reiknilíkanið er aðlagð að sjóðfélagahópi hvers lífeyrissjóðs fyrir sig með því að aðlaga nýgengi örorku að reynslu sjóðsins. Með því að taka tillit til mismunandi örorkutíðni í hverjum sjóð má skýra stærstan hluta breytileika í lífslíkum sem greina má milli lífeyrissjóða.

Líkanið var uppfært árið 2019 til samræmis við þær breytingar sem orðið hafa á lífslíkum frá 2010-2014 fram til 2014-2018. Fjármálaráðuneytið hefur auglýst reiknigrunninn í þessari mynd sem staðalforsendur við tryggingafræðilegar athuganir. Fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn er líkanið eins og áður aðlagð að örorkureynslu sjóðsins.

Uppfærsla líkansins leiðir til hækkunar á mati eftirlaunaskuldbindinga sjóðsins frá forsendum fyrra árs vegna hækkunar á lífslíkum sjóðfélaga.

Stefnumótun stjórnar

Á árinu vann stjórn sjóðsins að stefnumótun sjóðsins til næstu fimm ára. Í þeirri vinnu voru m.a. skilgreind þau verkefni sem sjóðurinn vill leggja áherslu á í starfsemi sjóðsins:

- Stuðla að markvissri stækkun sjóðsins og lækkuð rekstrarkostnaðarhlutfalls með aukinni hagkvæmni.
- Leggja áfram áherslu á öflug og virka eigna- og áhættustýringu sem skilar sjóðfélögum góðri langtímaávöxtun. Samhliða áherslu sjóðsins á að ávöxtun lífeyris sjóðfélaga sé með besta móti, er lögð rík áhersla á að fjárfestingar séu ábyrgar. Það endurspeglast í fjárfestingarstefnu sjóðsins, stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar og þeim kröfum sem gerðar eru til einstakra fjárfestinga.
- Þjóða upp á valkosti og þjónustu sem eru sniðin að þörfum sjóðfélaga á mismunandi aldri sem stuðlar að langtímasambandi við sjóðfélaga.
- Nýta stafrænar lausnir til að þjónusta sjóðfélaga með notendavænum, persónulegum og snjöllum hætti og bæta þannig þjónustu, stytta afgreiðslutíma og gefa þeim sem kjósa sjálfsafgreiðslu kost á að nýta sér hana.

Fjárfestingarstefna 2020

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins lagði í ítarlega vinnu við mótun á fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2020. Í fjárfestingarstefnu Frjálsa lífeyrissjóðsins 2020 eru erlendar eignir auknar, að undanskildum Frjálsa 3 sem eingöngu fjárfestir í skuldabréfum og innlánum. Til viðbótar við fjárfestingar í erlendum hluta- og skuldabréfum er nú einnig horft til sérhæfðra erlendra fjárfestinga, á þann veg er dreifing í erlendu eignasafni sjóðsins aukin. Sérhæfðar fjárfestingar eru til að mynda framtaksfjárfestingar, vögunarsjóðir, fasteignir og hrávörur.

Skýrsla stjórnar

Fjárfestingarstefna 2020, frh.

Stjórn er meðvitund um að með tilliti til markaðskjara í dag, mun fjárfesting í ríkisskuldabréfum að öðru óbreyttu ekki veita nægilega ávöxtun til að standa undir markmiðum um útgreiðslur til sjóðfélaga. Líkt og síðustu ár er því vægi annarra innlendra skuldabréfa en ríkisskuldabréfa aukið í fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2020.

Í ársreikningnum er að finna nánari upplýsingar um fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Sjóðfélagalán

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins ákvað að breyta lánareglum á árinu til að gefa fleiri sjóðfélögum kost á að taka lán hjá sjóðnum. Nýjar lánareglur tóku gildi frá og með 8. nóvember og voru helstu breytingar eftirfarandi:

- Sjóðfélagar geta sótt um lán sem hafa annan tilgang en að fjármagna íbúðarkaup, t.d. lán til að endurfjármagna önnur lán sjóðfélaga. Þau lánsform sem verða í boði fyrir slík lán eru verðtryggð lán með föstum vöxtum og óverðtryggð lán með föstum vöxtum til þriggja ára í senn. Hámarksveðhlutfall slíkra lána er 70% af fasteignamati.
- Áfram verða þrjú lánsform í boði til að fjármagna kaup eða byggingu á íbúðarhúsnæði, þ.e. þau tvö sem nefnd voru hér að ofan ásamt verðtryggðu láni með breytilegum vöxtum. Hámarksveðhlutfall lána til að fjármagna kaup á íbúðarhúsnæði er óbreytt, 70% af kaupvirði.
- Lánsréttur miðast við virka sjóðfélaga sem hafa greitt sl. 6 mánuði til sjóðsins eða þá sem hafa greitt til sjóðsins í samtals 36 mánuði.

Á árinu afgangi Frjálsa lífeyrissjóðurinn 210 ný lán að fjárhæð 4,4 milljarða króna sem er minna en árið áður þegar fjöldi nýrra lána var 283 að fjárhæð 6,3 milljarða kr. Töluvert var um uppgreiðslur eldri lána á árinu og nam heildarfjárhæð þeirra 4,2 milljarðar frá 314 lántakendum en árið áður voru uppgreiðslur 3,3 milljarðar frá 305 lántakendum. Af nýjum lánnum voru 68% óverðtryggð og 32% verðtryggð.

Úrræði um ráðstöfun á viðbótarsparnaði framlengt

Á árinu ákváðu stjórnvöld að framlengja heimild til að ráðstafa viðbótarsparnaði skattfrjálst inn á fasteignaveðlán og til húsnæðissparnaðar um tvö ár til viðbótar þ.e. til 30. júní 2021.

Ef ráðstöfunin var ekki framlengd féll hún úr gildi frá og með 1. júlí 2019 en þeir sem staðfestu framlengingu fyrir 30. september sama ár fengu þá greitt uppsafnaða inneign frá og með 1. júlí 2019 inn á lánið sitt en eftir 30. september virkjaðist ráðstöfun einungis aftur frá þeim mánuði sem ný umsókn barst og var þá uppsöfnuð inneign ekki greidd inn á lánið.

Heimildirnar eru enn háðar ákveðnum skilyrðum og háþörkum sem má kynna sér nánar á vef RSK.

Breytingar á umsýsluþóknun

Umsýsluþóknun sjóðsins til rekstraraðila fyrir rekstur og eignastýringu sjóðsins skiptist í hlutfallsþóknun af hreinni eign og fasta þóknun sem breytist í hlutfalli við breytingu á launavísitölu. Samhliða breytingu á fyrirkomulagi framkvæmdastjórnar og innri endurskoðun samdi sjóðurinn við rekstraraðila um lækkingu á árlegri hlutfallsþóknun úr 0,13% í 0,11% frá og með 1. apríl 2019. Umsýsluþóknun til rekstraraðila nam á árinu 616,7 milljónum kr. eða 0,24% af meðalstöðu hreinnar eignar sjóðsins. Auk þess greiddi sjóðurinn vörsluþóknun til rekstraraðila og nam hún 39,5 milljónum kr.

Umsýsluþóknun sjóðsins ásamt öðrum rekstrarkostnaði var 0,28% af hreinni meðaleign sjóðsins á árinu 2019 og lækkaði um 0,02 prósentustig á milli ára.

Stjórnarlaun og aðrar þóknanir

Heildarstjórnarlaun á árinu 2019 námu 20,2 milljónum kr. Þóknun endurskoðunarnefndar nam 2,9 milljónum kr., þóknun til ytri endurskoðanda 8,2 milljónum kr. og þóknun til innri endurskoðanda 2,55 milljónum kr.

Skýrsla stjórnar

Áhrif COVID-19 á fyrsta ársfjórðungi 2020

Frá árslokum 2019 hefur heimsfaraldur COVID-19 veirunnar haft veruleg samfélags- og efnahagsleg áhrif í för með sér en fyrsta COVID-19 tilfellið á Íslandi greindist þann 28. febrúar 2020. Stjórnvöld og Seðlabanki Íslands hafa gripið til umfangsmikilla aðgerða sem munu veita viðspyrnu við efnahagsáhrifum vegna COVID-19, með það að meginmarkmiði að verja grunnstoðir samfélagsins og vernda afkomu fólks og fyrirtækja. Lífeyrskerfið er hér ekki undanskilið og hafa lífeyrissjóðir landsins lagt sín lóð á vogarskálarnar. Lífeyrissjóðirnir hafa meðal annars skrifað undir hvatningaryfirlýsingu Landssamtaka lífeyrissjóða um að halda að sér höndum varðandi gjaldþyrskaup á öðrum ársfjórðungi 2020 og samkomulag lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja um tímabundna greiðslufresti á lánum. Til viðbótar er hluti af efnahagsaðgerðum stjórnvalda heimild til úttekta séreignarsparnaðar, þ.e fyrirframgreiðsla viðbótarsparnaðar allt að 12 milljónir kr. á 15 mánaða tímabili.

Ávöxtun fjárfestingarleiða Frjálsa lífeyrissjóðsins hefur verið með ólíkum hætti fyrstu þrjú mánuði ársins þar sem vægi eignaflokka er misjafnt eftir fjárfestingarstefnu hvernar leiðar fyrir sig. Sveiflur hafa almennt einkennt þróun eignaverðs á fyrsta ársfjórðungi eftir því sem fjárfestar hafa reynt að meta efnahagsleg áhrif COVID-19 og óvíst hver endanleg áhrif á ávöxtun eignasafns sjóðsins verða. Heilt yfir eiga önnur áhrif vegna aðgerða stjórnvalda og Seðlabankans enn fremur eftir að koma í ljós. Þó er ljóst að Frjálsi lífeyrissjóðurinn býr við vel dreift og seljanlegt eignasafn og því má áætla að tímabundin temprun á greiðslufæði sjóðsins, hvort sem um ræðir úttekta séreignarsparnaðar eða greiðslufrestur á lánum, muni hafa óveruleg áhrif á sjóðinn í heild. Einnig er vert að nefna vegna mögulegra vanskila fyrirtækja og einstaklinga á afborgunum skuldabréfa sjóðsins að flest þeirra eru með veð að baki og vel ásættanleg veðhlutföll.

Innlendur hlutabréfamarkaður lækkaði skarpt á fyrsta ársfjórðungi ársins en Úrvalsvísitala innlendra hlutabréfa lækkaði um rúm 17% á tímabilinu. Innlendur skuldabréfamarkaður hefur aftur á móti haldið velli og hefur ávöxtunarkrafa innlendra ríkisskuldabréfa lækkað töluvert á sama tíma. Af því leiðir að ávöxtun verðtryggðra- og óverðtryggðra ríkisskuldabréfa hefur verið góð það sem af er ári. Íslenska krónan hefur gefið töluvert eftir á móti helstu viðskiptamyntum sínum frá áramótum sem þýðir að öðru óbreyttu að erlendar eignir, mældar í íslenskum krónum, hafa hækkað samsvarandi. Til að mynda nemur veiking krónunnar á móti Evru um 15% á fyrsta ársfjórðungi og um 17% á móti Bandaríkjadal. Erlendir verðbréfamarkaðir hafa einnig lækkað töluvert, til dæmis lækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 21% á fyrstu þrem mánuðum ársins, mælt í Bandaríkjadal. Jafnframt hafa flestir Seðlabankar heims einnig gripið til ýmissa aðgerða til að styðja við efnahagslífið og bregðast við þeim aðstæðum sem nú eru uppi vegna COVID-19. Ljóst er að til skamms tíma verða áfram sveiflur á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum, líklega þar til mat á beinum og óbeinum áhrifum COVID-19 verður farið að skýrast.

Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins vill árétta mikilvægi áhættudreifingar sem er grunnþáttur í eignasöfnum þar sem fjárfestingartími er langur. Lífeyrissparnaður er í eðli sínu langtímasparnaður og getur ávöxtun verið sveiflukennd þegar til skemmri tíma er litið en þegar horft er til lengri tíma jafnast sveiflurnar að miklu leyti út.

Rétt er að vekja athygli á að gera má ráð fyrir því að lífeyrissjóðir verði óhjákvæmilega fyrir viðbótarrekstrarkostnaði vegna aðgerða sem þeir þurfa að grípa til vegna COVID-19. Má þar t.d. nefna upplýsingatæknikostnað vegna úrræða stjórnvalda og starfsmannakostnað. Þennan viðbótarkostnað mun Frjálsi lífeyrissjóðurinn ekki þurfa að bera þar sem hann er innifalinn í umsýslubókun sjóðsins.

Stjórnarhættir

Frjálsi lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórn hefur útbúið stjórnarháttaryfirlýsingu fyrir árið 2019 sem er birt í heild sinni í viðauka við ársreikning sjóðsins en henni er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti hjá sjóðnum, upplýsa haghafa um stjórnarhætti sjóðsins og uppfylla kröfur í reglum FME um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015.

Skýrsla stjórnar

Ófjárhagslegar upplýsingar


Frjálsi lífeyrissjóðurinn telst til eininga tengdum almannahagsmunum skv. lögum um ársreikninga nr. 3/2006 með síðari breytingum. Í lögnum kemur fram að í yfirliti með skýrslu stjórnar skuli fylgja upplýsingar sem nauðsynlegar séu til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt skal gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum. Yfirlitið með ófjárhagslegum upplýsingum er að finna í viðauka í ársreikningnum.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni. Halldór Friðrik Þorsteinsson gerir þó þann fyrirvara að honum hefði fundist ástæða til að greina frá niðurfærslu á fjárfestingu lífeyrissjóðsins í Bakkastakki slhf. vegna rekstrarerfiðleika kísilmálmverksmiðjunnar á Bakka, sjóðfélögum til vitneskju, en samanlögð varúðarniðurfærsla í hlutabréfi og skuldabréfi nemur um 700 milljónum kr.

Reykjavík, 29. apríl 2020

Í stjórn



Ásdís Eva Hannesdóttir
stjórnarformaður



Anna Sigríður Halldórsdóttir



Elías Jónatansson



Elín Þórðardóttir



Halldór Friðrik Þorsteinsson




Jón Guðni Kristjánsson



Magnús Pálmi Skúlason

Framkvæmdastjóri



Arnaldur Loftsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins („sjóðurinn“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu tryggingadeildar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2019 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og víðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samamburðarfjárhæðir

Ársreikningur Frjálsa lífeyrissjóðsins 31. desember 2018 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Áritunin er dagsett 27. mars 2019 og er án fyrirvara.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um framsetningu ársreikninga lífeyrissjóða og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óháði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óháði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripid.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 29. apríl 2020

KPMG ehf.



Hrafnhildur Helgadóttir

endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2019

1. janúar - 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
Iðgjöld	2.4;3		
Iðgjöld sjóðfélaga		6.407.964	6.226.728
Iðgjöld launagreiðenda		14.449.134	13.276.518
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(43.028)	(93.417)
		<u>20.814.070</u>	<u>19.409.829</u>
Sérstök aukaframlög		156.396	198.676
		<u>20.970.466</u>	<u>19.608.505</u>
Lífeyrir	2.5;4		
Heildarfjárhæð lífeyris	4.1	(3.597.486)	(3.084.684)
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	4.2	(114.681)	(114.019)
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	4.3	(6.303)	(10.435)
Viðbótariðgjöldum ráðstafað inn á höfuðstól lána eða til öflunar íbúðarhúsnæðis	4.4	(812.686)	(772.487)
		<u>(4.531.156)</u>	<u>(3.981.625)</u>
Hreinar fjárfestingartekjur	2.6;5		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.1-2	21.033.568	459.465
Hreinar tekjur af skuldabréfum	5.3-4	10.521.633	10.363.033
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		43.669	50.465
Aðrar fjárfestingartekjur:			
Vaxtatekjur af handbæru fé		213.987	718.730
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		27.192	26.271
Ýmsar fjárfestingartekjur		0	8.384
Fjárfestingargjöld	5.5-6	(317.470)	(312.686)
		<u>31.522.579</u>	<u>11.313.662</u>
Rekstrarkostnaður	2.7;6		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(488.593)	(432.694)
Hækkun á hreinni eign á árinu		47.473.296	26.507.848
Hrein eign frá fyrra ári		237.000.836	210.492.988
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>284.474.132</u>	<u>237.000.836</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fjárfestingar	2.8;7		
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	7.1	114.466.163	79.791.434
Skuldabréf	7.2-3	160.846.881	145.841.320
Bundnar bankainnstæður	2.8 e)	1.049.153	1.017.023
		<u>276.362.197</u>	<u>226.649.777</u>
Kröfur	2.9;8		
Kröfur á launagreiðendur		1.213.921	1.041.027
Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur		82.926	52.808
Aðrar kröfur		69.035	38.408
	8.1	<u>1.365.882</u>	<u>1.132.243</u>
Handbært fé			
Handbært fé	2.10	<u>7.285.225</u>	<u>9.799.689</u>
Eignir samtals		<u>285.013.304</u>	<u>237.581.709</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir	2.11;9		
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur		(533.395)	(573.072)
Aðrar skuldir		(5.777)	(7.801)
	9.1	<u>(539.172)</u>	<u>(580.873)</u>
Skuldir samtals		<u>(539.172)</u>	<u>(580.873)</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>284.474.132</u>	<u>237.000.836</u>
Skuldbindingar utan efnahags	10.1		

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2019

	Skýr.	2019	2018
Inngreiðslur			
Iðgjöld	3	20.725.028	19.372.692
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		86.088	110.997
Aðrar inngreiðslur		70.861	96.704
		<u>20.881.977</u>	<u>19.580.393</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir	4	4.508.803	3.971.614
Rekstrarkostnaður	6	509.737	419.870
Aðrar útgreiðslur		317.562	470.888
		<u>5.336.102</u>	<u>4.862.372</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		<u>15.545.875</u>	<u>14.718.021</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		1.078.448	697.627
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		(44.645.291)	(22.368.074)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		29.880.967	19.983.955
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		16.511.324	14.153.460
Keypt skuldabréf		(38.615.959)	(40.282.099)
Seld skuldabréf		17.634.310	15.330.176
Ný bundin innlán		(32.130)	(5.150)
		<u>(18.188.331)</u>	<u>(12.490.105)</u>
(Lækkun)/Hækkun á handbæru fé		(2.642.456)	2.227.916
Gengismunur af handbæru fé		127.992	607.767
Handbært fé í ársbyrjun		9.799.689	6.964.006
Handbært fé í lok árs		<u>7.285.225</u>	<u>9.799.689</u>

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu tryggingadeildar árið 2019

Tryggingafræðileg staða

Eignir

Hrein eign til greiðslu lífeyris	88.518.813	0	88.518.813
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	(2.528.458)	0	(2.528.458)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa ..	(890.730)	0	(890.730)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(931.882)	(2.464.245)	(3.396.127)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	103.886.643	103.886.643
Eignir samtals	84.167.743	101.422.398	185.590.141

Skuldbindingar

Ellilífeyrir	62.402.624	80.324.882	142.727.506
Örorkulífeyrir	12.495.927	18.635.361	31.131.288
Makalífeyrir	3.618.092	4.116.657	7.734.749
Barnalífeyrir	104.805	941.063	1.045.868
Skuldbindingar samtals	78.621.448	104.017.963	182.639.411

Eignir umfram skuldbindingar

5.546.295 (2.595.565) 2.950.730

Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok

7,1% (2,5%) 1,6%

Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun

5,5% (0,3%) 2,1%

31.12.2018

Áfallin skuldbinding	Framtíðar-skuldbinding	Heildar-skuldbinding
----------------------	------------------------	----------------------

Eignir

Hrein eign til greiðslu lífeyris	73.440.504	0	73.440.504
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa	(1.128.878)	0	(1.128.878)
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa ..	(154.317)	0	(154.317)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(762.205)	(2.278.553)	(3.040.758)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	102.139.267	102.139.267
Eignir samtals	71.395.104	99.860.714	171.255.818

Skuldbindingar

Ellilífeyrir	52.160.532	75.163.291	127.323.823
Örorkulífeyrir	11.966.724	19.112.275	31.078.999
Makalífeyrir	3.439.328	4.902.132	8.341.460
Barnalífeyrir	91.305	941.063	1.032.368
Skuldbindingar samtals	67.657.889	100.118.761	167.776.650

Eignir umfram skuldbindingar

3.737.215 (258.047) 3.479.168

Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok

5,5% (0,3%) 2,1%

Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun

5,1% (0,3%) 1,9%

Skýringar

1. Almennar upplýsingar um sjóðinn

Frjálsi lífeyrissjóðurinn skiptist í fjórar séreignardeildir, eina tryggingadeild og eina sameiginlega deild sem tekur við iðgjöldum frá launagreiðendum. Sameiginlega deildin ráðstafar iðgjöldum á deildir sjóðsins í samræmi við samninga sjóðfélaga. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Frjálsi lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

2. Reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og Reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Í undantekningartilfellum er vikið frá framsetningarformi samkvæmt viðauka 1 í reglunum, þegar upphæðir undirliða teljast óverulegar og eru þær þá felldar inn í aðra undirliði. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum.

2.2 Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

2.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2.4 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa kröfu á sjóðinn. Ógreidd iðgjöld í lok ársins eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur.

2.5 Lífeyrir

Undir lífeyri falla greiðslur séreignardeilda og tryggingadeilda til sjóðfélaga og skiptast þær í ellilífeyri, makalífeyri, örorkulífeyri, barnalífeyri og annan lífeyri. Jafnframt eru viðbótariðgjöld sem ráðstafað er inn á lán eða til öflunar íbúðarhúsnæðis. Auk þess beinn kostnaður sem fellur til vegna örorkulífeyrisúrskurða og gjalds til starfsendurhæfingarsjóðs.

2.6 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádrögnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður á Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sem og áfallinn gengismunur á eignir í lok árs.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Undir hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og sölutap svo og óinnlestur gengismunur af hlutabréfum og sjóðum, bæði vegna breytinga á gangvirði bréfanna og gengi gjaldmiðla.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádrögnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga, annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu nr. 5.5 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknunar af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld.

Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

Skýringar

2.6 Hreinar fjárfestingartekjur, frh.

c) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færð hluti þóknunar til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins í samræmi við rekstrarsamning þar um. Laun starfsmanna rekstraraðila sem sinna daglegum rekstri og eignastýringu sjóðsins eru innifalin í umsýsluþóknun sem er greidd til rekstraraðila samkvæmt samningi.

2.7 Rekstrarkostnaður

Undir þennan lið fellur allur kostnaður vegna reksturs sjóðsins, annar en sá hluti þóknunar til rekstraraðila fyrir umsjón og starfrækslu sjóðsins sem færður er meðal fjárfestingargjalda. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til.

2.8 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar í skilningi laga. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum og bundnum bankainnstæðum.

Stjórnendur ákvarða flokkun fjárfestinga þegar þær eru færðar í upphafi og yfirfara þessa flokkun á hverjum reikningsskiladegi.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldið er til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem sjóðurinn tilgreinir að verði haldið til gjalddaga eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í lok tímabils, en gangvirði annarra fjárfestinga í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu nr. 7.4. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um stigskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán á afskrifuðu kostnaðarverði eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Í skýringu nr. 7.2 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslögri meðhöndlun.

d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánnum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga á reikningsskiladegi.

e) Bundnar bankainnstæður

Undir bundnar bankainnstæður er færður sá hluti innlána í bönkum sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

2.9 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og færðar í afskriftarreikning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Varúðarniðurfærslan er færð til lækkunar á viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu líffeyris.

2.10 Handbært fé

Handbært fé er fært í efnahagsreikningi á gangvirði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum.

Skýringar

2.11 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sjóðurinn verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna liðins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

2.12 Erlendir gjaldmiðlar

